



Persónuvernd – helstu atriði

Samkvæmt lögum eiga allir rétt á að vita hvaða upplýsingum er safnað um þá með rafrænum hætti. Lögin heita [Lög um persónuvernd](#) 90/2018.

FSu þarf að vita vissa hluti um þig sem íbúa á heimavist FSu.

Þetta er það helsta:

- nafn, kennitala, lögheimili, netfang og símanúmer (bæði þitt og foreldra/forráðamanna/annarra sem þú vilt að gefa upp)
- greiðsluupplýsingar (hver borgar leiguna/tryggingargjaldið, hver fær endurgreitt tryggingargjaldið)
- upplýsingar um sérþarfir/séróskir

Hvernig er upplýsingunum safnað?

- með því að fylla út eyðublöð sem þú/þínir fylla út og samþykkja (prentað, rafrænt eða með öðrum hætti)
- með myndavélavöktun á húsnæði heimavistar

Tilgangur þess að safna upplýsingum:

- til að geta gefið þér nauðsynlegar upplýsingar
- til að efna samning um búsetu á heimavist
- til að gæta hagsmuna þinna, skólans og/eða annarra vegna öryggis og til að koma í veg fyrir/upplýsa skemmdarverk, þjófnað eða slys

Aðrir geta ekki fengið upplýsingar um þig nema:

- þú samþykkir
- upplýsingarnar varða slys eða afbrot (þá afhentar lögreglu)
- upplýsingarnar varða barnaverndarmál
- upplýsingarnar varða tryggingamál eða dómsmál

FSu sér til þess að allar upplýsingar um þig séu vel geymdar og enginn óviðkomandi hafi aðgang að þeim. Efni úr myndavélum er ekki skoðað nema grunur sé um óæskilega hegðun. Þú átt rétt á fá að vita hvaða upplýsingar eru geymdar um þig og getur beðið um að þeim sé breytt. Hægt er að senda fyrirspurnir á personuvernd@fsu.is.

Ítarlegri upplýsingar:

[Persónuverndaryfirlýsing FSu.](#)

[Verklagsreglur um rafræna vöktun.](#)

[Heimasíða Persónuverndar.](#)